

REGLUGERÐ

fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka.

1. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands hefur hinn 1. janúar 1972 stofnað til nýrra lána-
flokka, sem nánar eru greindir í 2. gr., sem sett er til staðfestingar þessara flokka
og skilmála þeirra.

2. gr.

A. Skipalán II.

1. Lán vegna nýsmíði stál- eða eikarskipa innanlands.

Hámarkslán skulu vera 75% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarks-
lánstími skal vera 20 ár.

2. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í stál- eða eikar- skip, svo og vegna heimsiglingarkostnaðar skipa, sem keypt eru erlendis.

Hámarkslán eru 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr., vegna endurbóta
og tækjakaupa, en 66,7—75% vegna meiriháttar endurbóta og 66,7% vegna kaupa
á aflvél. Hámarkslánstími er 5 ár vegna tækjakaupa, 5—7 ár vegna endurbóta, 7 ár
vegna kaupa á aflvél og 7—10 ár vegna meiriháttar endurbóta. Um lánstíma og
hámark heimsiglingarlána fer eftir aðalláni.

3. Lán vegna nýsmíði súðbyrðinga og 12 rúmlesta og minni furubáta, innanlands.

Hámarkslán skulu vera 70% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarks-
lánstími skal vera 10 ár.

4. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í súðbyrðinga og 12 rúmlesta og minni furubáta.

Hámarkslán er 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr., vegna endurbóta
og tækjakaupa, en 50—70% vegna meiriháttar endurbóta og 50% vegna kaupa á
aflvél. Hámarkslánstími er 3 ár vegna tækjakaupa, 3—5 ár vegna endurbóta, 5 ár
vegna kaupa á aflvél, og 5—7 ár vegna meiriháttar endurbóta.

5. Lán vegna nýsmíði botnvörpunga innanlands.

Hámarkslán skulu vera 75% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarks-
lánstími skal vera 20 ár.

6. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í botnvörpunga, svo og vegna heimsiglingarkostnaðar skipa, sem keypt eru erlendis.

Reglur um hámarkslán og hámarkslánstíma eru þær sömu og um stál- og eik-
arskip.

7. Lán vegna nýsmíði opinna báta, innanlands.

Hámarkslán skulu vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarks-
lánstími skal vera 8 ár. Áskilin er sérstök aukatrygging.

8. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í opna báta.

Hámarkslán skulu vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 3—5 ár. Áskilin er sérstök aukatrygging.

9. Lán vegna nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis.

Hámarkslán skulu vera 66,7% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 20 ár að frádregnum aldri skips. Áskilið er, að erlent lán a. m. k. jafnhátt láni Fiskveiðasjóðs úr þessum flokki, fáist. Lán Fiskveiðasjóðs verður í sömu mynt og með sömu vöxtum og sömu gjalddögum og erlenda lánið. Andvirði láns Fiskveiðasjóðs verður innstæða hjá sjóðnum í erlendri mynt og af þeirri innstæðu er hið erlenda lán, sem skipinu fylgir, greitt jafnóðum og það gjaldfellur. Mismunur afborgunar af innstæðunni í Fiskveiðasjóði og láninu úr Fiskveiðasjóði, breytist á hverjum gjalddaga í svonefnt afleitt lán. Lán í þessum flokki eru því í raun aldrei til lengri tíma, en erlenda lánið, sem skipinu fylgir. Hins vegar lengja afleiddu lánin lánstímann í ofangreint hámark.

10. Lán leidd af lánum vegna nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis: (sbr. lið nr. 9 í 2. gr. A).

Gjalddagar þessara lána eru 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Fyrsta vaxtagreiðsla er á fyrsta gjalddaga eftir að lánið byrjar að myndast, en fyrsta afborgunargreiðsla er á fyrsta gjalddaga eftir að lánið er fullmyndað.

11. Skipasmíðalán.

Þessi lán eru bráðabirgðalán, sem veitt eru vegna innlendrar nýsmíði fiskiskipa og útborguð í áföngum eftir því, sem framkvæmdum miðar. Skipasmíðalán eru tryggð með 1. veðrétti í nýsmíðinni. Skipasmíðalán greiðist upp af andvirði láns, þegar nýsmíðinni er lokið, ásamt áföllnum vöxtum.

B. Fasteignalán II.

1. Lán til hraðfrystihúsa vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.

2. Lán til síldarverksmiðja og fiskimjölsverksmiðja vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.

3. Lán til fiskvinnsluhúsa, annarra en 1. og 2., vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.

4. Lán til nýbyggingar, endurbóta á og/eða véla- og tækjakaupa í aðrar þær fasteignir, er efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi.

3. gr.

Til tryggingar lánnum úr öllum skipalánaflokkum, er taldir voru í 2. gr. A, er alltaf áskilinn 1. —fyrsti— veðréttur í skipinu, bátnum eða nýsmíðinni.

Vextir af lánnum til nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis (liður nr. 9 í 2. gr. A) skulu vera þeir sömu og Fiskveiðasjóður greiðir af erlendu innstæðunni og ákveður Fiskveiðasjóður vaxtaþrósentuna með hliðsjón af vöxtum erlenda frumlánsins.

Vextir af lánunum úr öllum öðrum skipalánaflokkum, sem taldir voru í 2. gr. A (þ. e. a. s. Skipalán II, liður nr. 1—11, að frátöldum lið nr. 9) verða þeir vextir, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma. Vextirnir greiðast eftir á, tvisvar á ári og verða gjalddagar þeirra svo og afborgana, 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Gjalddagar þessir eiga þó ekki við bráðabirgðalán vegna skipa í smíðum, sbr. lið nr. 11, né lán vegna skipakaupa erlendis sbr. lið nr. 9.

Hámarkslán úr fasteignalánaflokkum, er taldir voru í 2. gr. B, er 60% miðað við 1. veðrétt, en minnkar sem nemur áður áhvílandi lánunum ef 1. veðréttur fæst ekki. Hámarkslánstími er 10—15 ár vegna nýbygginga og 5 ár vegna endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.

Vextir af lánunum úr öllum fasteignalánaflokkum, sem taldir voru í 2. gr. B (þ. e. a. s. Fasteignalán II, liður nr. 1—4) verða þeir vextir, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma. Vextirnir greiðast eftir á, tvisvar á ári, og verða gjalddagar þeirra, svo og afborgana 1. maí og 1. nóvember ár hvert.

4. gr.

Við ákvörðun hámarkslánsfjárhæðar skal alltaf miðað við kostnað framkvæmda eða virðingu verðmætisaukningar vegna framkvæmda, þá upphæðina, er lægri reynist. Ef um tjónabætur er að ræða, eru þær dregnar frá mats- og kostnaðarverði.

5. gr.

Eftir 1. janúar 1972 hafa ekki verið veitt og afgreidd ný lán úr þeim lánaflokkum, er til voru fyrir 1. janúar 1972, öðrum en eftirtöldum:

- a. Lán í dollurum eða annarri erlendri mynt vegna véla- og tækjakaupa í skip, sem eru 75 rúmlestir og stærrí.

Þessi lán eru endurlán erlendra lána með sömu kjörum og þau.

- b. Gengisjöfnunarlán.

Ný lán úr þessum flokki verða með þeim kjörum, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður á hverjum tíma.

- c. Lán leidd af lánunum vegna skipakaupa erlendis.

Lán í erlendri mynt vegna skipakaupa erlendis, sem veitt voru og afgreidd fyrir 1. janúar 1972, mynda svonefnd afleidd lán. Þessi afleiddu lán dreifast á eldri lánaflokka.

- d. Lán tryggð með veði í skipasmíðastöðvum.

Þessi lán eru endurlán lána úr Framkvæmdasjóði Íslands og með sömu kjörum og þau.

6. gr.

Öll lán úr Fiskveiðasjóði, veitt og afgreidd eftir 1. janúar 1972, önnur en bein endurlán og gengisjöfnunarlán, skulu vera háð breytingum á gengi íslenskrar krónu eða breytingum á gengi hvers þess gjaldeyris, sem Fiskveiðasjóður skuldar í (sbr. heimild í 16. gr. l. nr. 75/1966). Séu lánin ekki beinlínis í erlendri mynt, skal tilgreint í veðskuldabréfi hve hár hundraðshluti eftirstöðva lánsins á hverjum tíma sé háður breytingum á gengi. Framkvæmd þessara ákvæða skal vera á þann veg, að breytist gengi íslenskrar krónu, eða breytist gengi einhvers þess gjaldeyris, sem Fiskveiðasjóður skuldar í, skal Fiskveiðasjóður deila þeirri fjárhæð, sem erlendar skuldir sjóðsins, aðrar en þær sem hafa verið endurlánaðar beint með sömu kjörum, hækka eða lækka um í krónutölu vegna gengisbreytingarinnar, niður á þau lán úr sjóðnum,

er háð eru breytingum á gengi í réttu hlutfalli við þann hluta ógreiddra eftirstöðva viðkomandi lána, sem háður er slíkum breytingum, þannig, að eftirstöðvar þessara lána hækki eða lækki þá þegar samtals í krónutölu um sömu fjárhæð og erlendar skuldir Fiskveiðasjóðs, aðrar en þær, sem endurlánaðar hafa verið beint með sömu kjörum, hækka eða lækka um. Við niðurdeilingu af þessu tagi skal eingöngu miðað við útborgaðan hluta lána. Hækki eða lækki erlendar skuldir Fiskveiðasjóðs af þessum sökum svo verulega í krónutölu, að ekki rúmist innan þeirra marka, er viðkomandi veðskuldabréf sjálf setja, ber sjóðurinn sjálfur það tap eða fær þann hagnað, sem á milli ber. Við alla túlkun á orðalagi þessarar greinar skal það vera höfuðviðmiðun, að Fiskveiðasjóður verði skaðlaus af öllum gengisbreytingum.

7. gr.

Opnaður hefur verið nýr lánaflokkur til endurlána á vísitölutryggðum lánnum. Öllum lántakendum, sem loforð fá eða hafa fengið um lán að fjárhæð kr. 500 000 eða meira, sem falla undir lánaflokkka, sem taldir eru í 2. gr., aðra en þá, sem taldir eru í 9., 10. og 11. tölulið A-liðar, skal skylt að taka 10 hundraðshluta lofaðrar fjárhæðar að láni úr þessum flokki.

Lán úr þessum flokki eru alltaf veitt samhliða öðrum lánnum og verða til jafn langs tíma og þau, þó aldrei til lengri tíma en 12 ára. Eigi lántaki rétt á láni til lengri tíma en 12 ára skal lánið úr þessum flokki vera til 12 ára, en afborganir af samhliða láninu vera lægri fyrstu 12 árin, þannig að heildar lánsfjárhæðin endurgreiðist með jöfnum afborgunum á heildar lánsímanum miðað við upphaflegar fjárhæðir lánanna.

Lán úr þessum flokki skal endurgreiða með jöfnum árlegum afborgunum og er gjalddagi þeirra 20. júlí ár hvert.

Af lánunum skal greiða í vexti 6,25% á ári og greiðast vextirnir eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir í fyrsta sinn næsta 20. júlí eftir að lán er afgreitt.

Til viðbótar hverri einstakri greiðslu vaxta og afborgunar af lánnum úr þessum flokki skal lántakandi greiða á hverjum gjalddaga, eða greiðsludegi, sé hann síðar, verðuppbót af vaxta- og afborgunargreiðslu lánsins, er miðast við hækkan byggingarvísitölu frá lántökudegi til greiðsludags. Lækki byggingarvísitalan niður fyrir þann stigafjölda er gilti við afgreiðslu lánsins, skulu greiðslur vaxta og afborgana fara fram á nafnverði. Miðað er við byggingarvísitölu þá. er kveðið er á um í lögum nr. 25/1957 og síðari breytingar, er á henni kunna að verða gerðar.

Heimilt er að greiða aukaafborgun af lánnum úr þessum flokki á gjalddögum lánanna, enda sé tilkynnt um slíka ákvörðun eigi síðar en 5. júní ár hvert. Af slíkum aukaafborgunum greiðist sama vísitöluálag og greiða ber af hinum sammingsbundnu endurgreiðslum lánanna.

Af lánunum skal greiða við afgreiðslu 1% í lántökugjald.

Dráttarvextir skulu vera 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði.

Öllum þeim, er lán fá að fjárhæð kr. 500 000 eða meira, sem falla undir lánaflokkka, sem taldir eru í B. lið 2. gr. reglugerðarinnar, skal skylt að taka 25 hundraðshluta lofaðrar fjárhæðar að láni úr þessum flokki.

Greiði lántakendur aukaafborgun af lánnum úr þessum flokki ber þeim jafnframt að greiða hlutfallslega sömu aukaafborgun af þeim lánnum, sem samhliða voru veitt úr öðrum lánaflokkum.

Gjalddaga, vexti, dráttarvexti og lántökugjöld af lánnum úr þessum lánaflokki ákveður stjórn Fiskveiðasjóðs hverju sinni og fer um þau atriði eftir þeim vísitölutryggðu lánnum, sem sjóðurinn hefur til endurlána hverju sinni.

Lánsskilyrði samkvæmt þremur síðustu málsgreinum hér á undan skulu þó aðeins taka til lána, sem veitt eru eftir 1. nóvember 1974.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn Fiskveiðasjóðs er heimilt að opna á árinu 1975 nýjan lánaflökk vegna breytinga á skuldum sjávarútvegs og fiskvinnslu úr lausaskuldum í lengri lán.

Framkvæmd lánveitinga úr þessum flokki skal vera á þann veg, að viðskiptabankar lántakenda gera tillögur um fjárhæð veðskuldabréfa sem þeir taka við af viðskiptamönnum sínum, ef stjórn Fiskveiðasjóðs fellst á kaup bréfanna.

Við ákvörðun lánveitinga verði tekið mið af stöðu og lausaskuldum lántakenda. Lánveitingar vegna lausaskulda utan bankanna skulu ákveðnar sérstaklega og miðast heildarfjárhæð þeirra við það fé, sem til þeirra er ætlað úr Gengishagnaðarsjóði og endurgreiðast lán þessi á 2 árum.

Lán vegna lausaskulda innan bankanna endurgreiðast að jafnaði á fimm árum, en geta í sérstökum tilvikum verið til lengri tíma, þó aldrei til lengri tíma en tíu ára.

Lán úr þessum flokki skulu tryggð með fyrsta eða fyrsta samhliða veðrétti í fiskiskipum eða með veði í atvinnuhúsnæði lántakenda innan við 60% af matsverði þess. Við veðsetningu skal þess gætt að til tryggingar hverju skuldabréfi sé aðeins veðsett eitt fiskiskip og/eða ein eða fleiri fasteignir sama aðila.

Auk áðurgreindra veðtrygginga skulu viðkomandi viðskiptabankar takast á hendur einfalda ábyrgð á skilvísri og skaðlausri fullnustu lántakenda við Fiskveiðasjóð.

Gjalddagar lána úr þessum flokki skulu vera 1. maí ár hvert.

Vextir af lánunum úr þessum flokki, skulu vera 16% ársvextir og greiðast þeir eftir á 1. maí ár hvert. Hækki eða lækki almennir útlánsvextir, skulu vextirnir breytast í samræmi við það.

Dráttarvextir skulu reiknast 1½% fyrir hvern byrjaðan mánuð.

Af lánunum úr þessum flokki skal greiða við afgreiðslu 1% lántökugjald.

Fiskveiðasjóður skal fjármagna lánveitingar úr þessum flokki með því að gefa út skuldabréf, sem hann afhendir viðskiptabönkunum. Skuldabréf þessi skulu samanlagt verða jafnhá útlánunum og til nákvæmlega jafn langs tíma og þau. Fiskveiðasjóður greiði þó aldrei af þeim bréfum er hann þannig gefur út, hærri fjárhæð í afborganir og vexti, en hann hefur á hverjum tíma innheimt af sjálfum útlánunum.

Gengið er út frá því, að Seðlabanki Íslands endurkaupi þau skuldabréf, er Fiskveiðasjóður hefur samkvæmt ofanskráðu gefið út og afhent viðskiptabönkunum og verða þau þá með sjálfskuldarábyrgð viðkomandi viðskiptabanka.

Allar lánveitingar og skuldabréfaskipti sem fjallað er um í bráðabirgðaákvæði þessu, skulu fara fram á árinu 1975.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 75 13. maí 1966 um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. mars 1975.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.